

## **Póra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar**

**Bókarhöfundur:** Sigrún Pálsdóttir

**Bókarheiti:** Póra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar

**Gagnrýnandi:** Silja Bára Ómarsdóttir, stjórn málafræðingur

**Útgáfa:** JPV útgáfa, Reykjavík 2010, 279 bls. (þar af 60 bls. heimildir og skrár)

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** „*Það er óhætt að mæla með bókinni um Póra biskups. Frásögnin er lifandi og persónurnar heillandi. Bók Sigrúnar Pálsdóttur um Póra er skemmtileg aflestrar og fróðleg. Hún veitir innsýn í líf embættismannastéttarinnar á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og varpar góðu ljósi á þá óljósu stöðu sem konur af þessari stétt höfðu að svo mörgu leyti. Sjálfsmynd Íslendinga er ekki til umfjöllunar, en þó sýnir saga Póra hvernig Íslendingar litu á sig, töldu sig þrátt fyrir fámennið hafa í fullu roði við sér stærri þjóðir og eiga erindi á alþjóðavettvangi þrátt fyrir litla þekkingu og þjálfun.*“

### **FRAMKVÆMDAGLEÐI FORRÉTTINDAKONU**

Saga Póra Pétursdóttur er sennilega ókunnug flestum Íslendingum nú, en hún lifði forréttingalífi í samanburði við það brauðstrit sem við þekkjum betur úr bókmenntum og sögu. Póra birtist lesandanum sem glaðlynd og svolítið dekrud, tilbúin til að skvetta úr klaufunum við hvaða tækifæri sem er. Sigrún Pálsdóttir hefur ritað sögu Póru og varpar upp skýrri mynd af ungri konu sem ólst upp í Reykjavík og virðist hafa lært að sér væri ekkert ómögulegt. Bókin er vel skrifuð og heldur áhuga lesandans frá upphafi til enda. Saga Póru er byggð á fjölda bréfa sem hún skrifaði og höfundur hefur í raun ótrúlega innsýn í ævi hennar. Fyrir utan að varpa upp skýrri mynd af aðalsöguhetjunni er sagan krydduð með sögulegum staðreyndum og tengingum við viðburði í sögu Íslands og umheimsins. Þannig varpar saga einnar manneskju að auki ljósi á þróun íslensks samfélags. Rannsóknarvinnan að baki bókinni er umfangsmikil og sagan sett í lifandi samhengi við söguna og nútímann, t.d. með því að benda á hvernig götummynd við fyrsta heimili Póru og Þorvaldar, manns hennar, er ólík þeirri mynd sem við sjáum í dag en við Skálholtsstíg voru „ekkert nema lítil kot, enginn Prúðvangur og engin Næpa“ (bls. 144). Þá lifnar Parísarborg við með tengingu við klæðaburð Póru í heimsókn hennar, sama klæðaburð og Coco Chanel gerði uppreisn gegn á þeim tíma.

### **Hlutverk kvenna í embættismannastétt**

Bókin um Póra er áhugaverð, ekki síst fyrir þá mynd sem hún dregur upp af stöðu kvenna í embættismannastétt. Þær gegndu ekki opinberum embættum, tóku ekki þátt í fundum eða skrifuðu undir yfirlýsingar þær sem við lærum um í sögubókunum. Þessar konur hins vegar héldu uppi mikilli starfsemi sem gagnaðist samfélaginu. Árið 1875 tekur Póra þátt í að undirbúa hátíðahöld vegna komu sjálfsmyndar Bertels Thorvaldsens til landsins. Þá fer hún „að hugsa um það sem skömmu síðar verður Thorvaldsenfélagið. Tuttugu og þrjár konur rita nafn sitt í stofnskrána og leggja til tvær krónur hver, nema tvær þeirra fjórar krónur. Allar eru þær dætur háttsettra embættis- eða kaupmanna, ein lyfsaladóttir og ein bakaradóttir. Flestar eru þær milli tvítugs og þrítugs og nær allar eru þær ólofaðar.“ (bls. 93). Þessar konur taka þannig að sér að veita velferðarþjónustu sem ekki var til staðar í samfélaginu. Þessi vettvangur heldur áfram að þróast og undir sumarlok árið 1882 segir frá „söfnun fyrir landsmenn vegna harðinda undanfarinna ára“ (123). Söfnunin fór fram í Englandi en Póra tekur virkan þátt í starfinu heima fyrir og þarna sést að hugmyndin um samfélagslega ábyrgð kvenna er að skjóta rötum, „festast meira í sessi og verða skipulegri“, þótt það veiti þeim kannski helst tilgang utan heimilisins. Baráttan fyrir réttindum kvenna helst í hendur við þessa þróun og bústýrur fá einmitt kosningarétt til sveitarstjórna þennan sama vetur (124).

Póra hafði á þessum tíma hvatt til þess að konur veittu stjórnámálum athygli, en í byrjun 20. aldar tekur hún dræmt undir hvatningu bandarísku baráttukonunnar Carrie Chapman Catt. Hún hvatti evrópskar konur til stofnunar kvenréttindafélaga „sem hafi það að markmiði að berjast fyrir réttindum kvenna, þar með kosningarétti“ (198). Það er Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem bregst við þessari hvatningu, en Póra og Elínborg systir hennar „vilja helst ekki vera hluti af þessari þróun [og] reyna meira að segja að komast hjá því að hýsa Bríeti“ (199) sem sækir alþjóðlegan kvenréttindafund í Kaupmannahöfn. Þær systur „virðast ekki geta horft út fyrir sitt eigið hlutskipti í embættismannasamfélaginu þar sem þær reyndu sjálfar að nokkru leyti jafnræði karla og kvenna“ (199). Póra efast meira að segja um þörfina fyrir kvenréttindafélag á Íslandi, enda séu konur búnar að fá kosningarétt. Höfundur sýnir nærgætni þegar hún tengir þessa breytingu á afstöðu og baráttugleði Póru við þann missi sem hún hafði upplifað í einkalífnum.

## Íslendingar þá og nú

Þrátt fyrir að tilheyra forréttindastétt er ljóst að ekki lifðu allir vel sem henni tengdust. Það kemur fram að Þóra brosir ekki á myndum, sennilega vegna þess að tennurnar væru ljótar. Þá standa ekkjur embættismanna illa í þessu samfélagi. Elínborg systir Þóru missti manninn sinn landshöfðingjann og flytur til Kaupmannahafnar þar sem aðgengi að styrkjum er betra. Hún gengur „á fund konungs til að biðja um „legat“ styrk, en án árangurs“. Hún fer síðan „til fundar við Louise drottningu. Þá hafði hún dubbað upp kápuna sína, sett á hana nýja hnappa, burstað upp gamla flauelshattinn sinn, sett á hann ný bönd og blóm. Hún hafði fengið sér stígvél og hún hafði meira að segja látið laga í sér tennurnar sem voru lítið annað en brot og engir voru jaxlarnir heldur. Hún var því „kjæk og dristig“ á fundi drottningar sem sjálf er „skrafhreyfin og lítillat“. Og þetta bar árangur; Elínborg fékk „legat“ í byrjun árs 1890“ (156).

Saga Þóru sýnir að þótt margt hafi breyst á Íslandi á síðustu öld er ýmislegt sem ekki hefur breyst. Í brúðkaupsveislu Þóru og Þorvaldar er „búið að skála í Veuve Clicquot, drekka svolítið Chablis með humrinum og ostrunum, hella í sig Margaux með lambalærinu og trufflusveppunum. Réttirnir eru alls sex og vintegundirnar ellefu“ (143). Myndir af galakvöldverðum útrásarinnar koma ósjálfrátt upp í hugann við þessa lýsingu.

Það er óhætt að mæla með bókinni um Þóru biskups. Frásögnin er lifandi og persónurnar heillandi. Bók Sigrúnar Pálsdóttur um Þóru er skemmtileg aflestrar og fróðleg. Hún veitir innsýn í líf embættismannastéttarinnar á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og varpar góðu ljósi á þá óljósu stöðu sem konur af þessari stétt höfðu að svo mörgu leyti. Sjálfsmynd Íslendinga er ekki til umfjöllunar, en þó sýnir saga Þóru hvernig Íslendingar litu á sig, töldu sig þrátt fyrir fámennið hafa í fullu roði við sér stærri þjóðir og eiga erindi á alþjóðavettvangi þrátt fyrir litla þekkingu og þjálfun. Þetta sést best í lýsingum á listnámi Þóru í Kaupmannahöfn. Hún er sögð hafa litla þolinmæði, vera fljótt „orðin þreytt á krukum og kirnum og vill fara að mála náttúruna með olíulitum. [Kennarinn] brosir að óþreyju hennar og segir hana fyrst verða að ná tókum á krukunum áður en hún fer út í náttúruna. Og það er þetta sem hún er að læra og átta sig á: „heima höldum við að hægt sé að læra allt á stuttum tíma, en [í Kaupmannahöfn] er önnur skoðun á hlutunum“ (83). Atburðir síðustu ára sýna okkur að lítið hefur breyst hvað þetta varðar.